


SJÁLFBÆRNI SKÝRSLA 2025

A Đ F Ö N G



FERSKAR
KJÖTVÖRUR



Orð frá framkvæmdastjóra

Aðföng voru stofnuð 1995 til að sinna innkaupum, rekstri vöruhúsa og dreifingu út um allt land, í verslanir Bónus og Hagkaup. Rúmum 30 árum síðar er hlutverkið enn það sama, þ.e. innkaup, rekstur vöruhúsa og kjötvinnslu og vörudreifingu. Á þessum tíma hefur orðið mikil vakning um umhverfis- og sjálfbærnimál og endurspeglast hún inn í flestar ákvarðanir sem eru teknar í dag. Þar vakna spurningar um innihald og uppruna vara, innri og ytri umbúðir, flutningaleiðir og aðbúnað starfsmanna á öllum stigum virðisheðjunnar. Neytendur gera síauknar kröfur um að fyrirtæki á neytendamarkaði hafi umhverfis- og sjálfbærnimál í forgangi þegar teknar eru ákvarðanir um vöruval, uppruna og flutningaleiðir. Við hjá Aðföngum kaupum inn vörur frá yfir 30 löndum, flest þeirra eru í Evrópu, innan Evrópusambandsins, en auk þess kaupum við vörur frá Asíu, Suður- og Norður-Ameríku. Megin innflutningur okkar kemur frá Evrópusambandinu og fellur því undir strangt regluverk sambandsins. Þar sem Ísland er á Evrópska efnahagssvæðinu, þarf einnig innflutningur frá löndum utan Evrópusambandsins að lúta lögum og reglum þess.

Samstarfssamningur við Salling Group

Á nýliðnu rekstrarári lögðum við í þá vegferð að komast í viðskiptasamband við skandinavíska verslunardeðu, Salling Group sem rekur verslanir í Danmörku undir merkjum Nettó, Bilka og Fötex. Einnig rekur Salling Group verslanir í Þýskalandi, Póllandi og Eystrasaltsríkjunum. Í Danmörku býður Salling viðskiptavinum upp á sérmerktar vörur (e. private label) undir merkinu Salling. Samstarfssamningur var gerður seint á árinu og sala hófst í apríl síðastliðnum. Settar voru á markað nokkur hundruð vörur og innan tveggja ára verður vöruvalið orðið vel á annað þúsund vörunúmer, í hinum ýmsu vöruflokkum.



Orð frá framkvæmdastjóra, frh.

Vottanir og ábyrg innkaup

Vörur frá Salling bera margar virtar vottanir, hvort sem er sérstækar fyrir Norðurlöndin, samevrópskar eða alþjóðlegar. Hér er tæpt á þeim helstu sem finna má á Salling-vörum sem við munum bjóða upp á:

Svanurinn: opinbert umhverfismerki Norðurlandanna.

Skráargatið: virt norrænt merki fyrir matvæli sem eru hollari valkostur.

Evrópulaufið: er samnefnari fyrir vottaða lífræna framleiðslu í löndum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Danska Ø merkið: staðfestir lífræna vottun fyrir vörur framleiddar í Danmörku.

Blómið: er opinbert umhverfismerki Evrópusambandsins.

Merki astma og ofnæmissamtaka: auðveldar neytendum að finna mildar vörur sem hafa verið valdar af kostgæfni.

Fairtrade: tryggir að við framleiðslu vöru séu gerðar lágmarkskröfur um verð, vinnuaðbúnað, lýðræðislega þróun og umhverfismál.

Rainforest Alliance: stendur fyrir sjálfbærnivottun landbúnaðar þar sem áhersla er á vernd náttúrunnar, mannréttindi og bætt lífsviðurværi bænda.

Þá leggur Salling áherslu á að umbúðir vara séu endurvinnanlegar og að viðskiptavinum séu gefnar skýrar leiðbeiningar um flokkun þeirra með táknmyndum samnorræns kerfis.

Aukið vöruúrval og sjálfbærni

Með inngöngu í innkaupasamband við Salling eykst verulega vöruframboð á vottuðum vörum í verslunum Bónus og Hagkaups, þar sem áhersla er lögð á innihald, umbúðir, viðskiptahætti og flutningaleiðir, sem allir eru lykilþættir í aukinni sjálfbærni, hollari og umhverfisvænni vörum.

Innan Salling vöruvalsins eru nokkur undirmerki, sem hvert og eitt hefur sín einkenni og markmið. Þau helstu eru:

Salling Budget; grunnvörur á lægsta verði.

Salling; breitt úrval af dagvöru.

Salling Princip; hágæða matvörur.

Salling ØKO; lífrænt vottaðar vörur.

Salling Glutenfri; vörur án glútens.

Salling Veggie; vörur sem eru vegan.

Salling FRI; vörur án ilmefta og henta flestum með ofnæmi.

Það er von okkar að þessar nýjungar muni hitta í mark hjá viðskiptavinum sem gera æ meiri kröfur um gæði, uppruna og sjálfbærni í neysluhegðun sinni. Við munum halda áfram með áherslu á sjálfbærni í innkaupum, rekstri vöruhúsa, kjötvinnslu, dreifingu og starfsumhverfis okkar starfsmanna. Þetta er ekki átaksverkefni, heldur verkefni til lengri tíma og eru sjálfbærnimál orðin hluti af daglegum ákvörðunum í rekstri okkar.



Lára Óskarsdóttir,
framkvæmdastjóri

Lára Óskarsdóttir

Starfsemi og hlutverk Aðfanga

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð sem þjónustar smásölu- og stórnotendamarkað. Kjarnastarfsemi félagsins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu vara til verslana Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaups.

Þróun og aðstaða

Saga Aðfanga nær aftur til ársins 1993 þegar starfsemi hófst í Suðurhrauni í Garðabæ. Árið 1998 flutti félagið í Skútuvog 7, þar sem meginstarfsemi þurrvörlagers er staðsett, auk þess sem kæli- og frystivörlager er rekinn í Korngörðum 1. Árið 2020 urðu Ferskar kjötvörur hluti af starfsemi Aðfanga, þar sem rík áhersla er lögð á hágæða hráefni frá íslenskum bændum. Jafnframt flytja Aðföng inn léttvín frá helstu vínræktarsvæðum heims, sem seld eru í gegnum netverslun Hagar Wine B.V. og í verslunum ÁTVR.

Rekstur og umfang

Stærðarhagkvæmni er lykilþáttur í rekstri Aðfanga. Um 15.000 vörunúmer frá um 30 viðskiptalöndum fara í gegnum vöruhús félagsins á hverju ári. Félagið nýtir nýjustu tækni í rekstri sínum með það að markmiði að tryggja skilvirkni, rekjanleika og gæði í allri virðiskeðjunni. Jafnframt leitast félagið við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar með markvissum aðgerðum, skilvirkum verkferlum og innleiðingu umhverfisvænni lausna.

Mannauður og vinnustaðamening

Hjá Aðföngum starfa að jafnaði um 180 starfsmenn í um 150 stöðugildum. Félagið leggur ríka áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem velferð starfsmanna, heilsuefling og fagleg vinnubrögð eru í forgrunni. Markmiðið er að skapa starfsumhverfi sem stuðlar að betri árangri og sterkri liðheild.

Ábyrgð

Hver og einn ber ábyrgð á sínu viðhorfi og sínum árangri

Liðsheild

Samvinna stuðlar að betri árangri og öflugri liðsheild

Heiðarleiki

Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að segja sannleikann og draga ekkert undan

Metnaður

Við leitum stöðugt að nýjum leiðum til að bæta störf okkar, fyrirtækið og umhverfið til að þjóna viðskiptavinum okkar betur



**LYKILÞÆTTIR ÚR
SJÁLFBÆRNIUPPGJÖRI**

Aðferðafræði kolefnisbókhalds

Kolefnisbókhald Aðfanga er unnið í samræmi við Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðina (GHG Protocol). GHG Protocol skiptir losun frá fyrirtækjarekstri í þrjú umfang:

Umfang 1: Bein losun frá rekstri, s.s. eldsneytisnotkun og lekalosun.

Umfang 2: Óbein losun vegna aðkeyptar orku, svo sem rafmagns- og hitaveitunotkun.

Umfang 3: Önnur óbein losun í virðiskeðju félagsins, t.d. vegna aðkeyptra vara, vöruflutnings, úrgangs frá rekstri og notkunar viðskiptavina á seldu vöru.

Íslensk hugbúnaðarlausn

Aðföng nota Sustainability Platform hugbúnaðarlausn Klappa grænna lausna hf. til að halda utan um kolefnisbókhald félagsins og safna gögnum sem notuð eru við uppgjör. Hugbúnaðarlausnin gerir félaginu kleift að tryggja rekjanleika bókhaldsgagna niður á bæði eignir og birgja.

Þessi tafla lýsir stöðu og mikilvægi losunarpáttanna í umfangi 3 hjá Aðföngum:

Losunarpáttur	Talið	Mikilvægi
Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta	Að mestu	Mjög hátt
Flokkur 2: Fastafjármunir	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	Talið	Lágt
Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing	Talið	Hátt
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri	Að mestu	Miðlungs
Flokkur 6: Viðskiptaferðir	Að hluta	Lágt
Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna	Ótalið	Lágt
Flokkur 8: Leigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 9: Flutningur og dreifing á síðari stigum	Ótalið	Óvitað
Flokkur 10: Áframhaldandi vinnsla á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 11: Notkun á seldri vöru	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru	Ótalið	Miðlungs
Flokkur 13: Útleigðar eignir	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 14: Sérleyfishafar	Á ekki við	Á ekki við
Flokkur 15: Fjárfestingar	Á ekki við	Á ekki við

Lykiltölur úr sjálfbærniuppgjöri – Gróðurhúsalofttegundir

Umfang 1 – lækkar um 32%

Umfang 1 lækkar úr 423,0 í 288,8 tCO₂í. Stærsta breytingin er lekalosun frá kælimiðlum sem minnkar úr 174,4 í 39,3 tCO₂í (-77%). Á árinu 2026 er fyrirhugað að kjötvinnsla Ferskra kjötvara flytji starfsemina í nýtt húsnæði þar sem kælikerfi mun ganga fyrir kolsýru (CO₂). Með þeirri breytingu má gera ráð fyrir að lekalosun frá kælimiðlum verði óveruleg til framtíðar og þar með að losun í umfangi 1 dragist enn frekar saman. Losun vegna eldsneytis farartækja helst nánast óbreytt (248,6 → 249,5 tCO₂í).

Umfang 2 – hækkar um 21%

Umfang 2 hækkar úr 58,2 í 70,3 tCO₂í. Ástæðan er aukin hitaveitunotkun sem hækkar um 47% (30,3 → 44,4 tCO₂í). Aukna hitaveitunotkun má að mestu rekja til uppgjörs við Banana vegna starfsemi að Korngörðum 1, sem og tímabundinna bílana á heitavatnslögn í sama húsnæði. Þessi áhrif teljast að hluta til einskiptis og endurspegla því ekki endilega varanlega aukningu í orkunotkun. Rafmagnsnotkun lækkar lítillega (27,9 → 25,9 tCO₂í, -7%).

Umfang 3 – hækkar um 6%

Umfang 3 hækkar úr 90.033,6 í 95.526,7 tCO₂í. Helsta ástæðan er Flokkur 1 (aðkeypt vara til endursölu) sem hækkar um 6,3% og er langstærsti þátturinn í heildarmyndinni.

Hækkunin skýrist að meginstefnu af aukinni veltu og þar með meira magni keyptrar vara, fremur en breytingum á losunarpáttum eða samsetningu vöruúrvals. Losun í umfangi 3 er því að miklu leyti drifin áfram af umsvifum í rekstri.

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2023	2024	2025
Umfang 1	tCO ₂ í	507,1	423,0	288,8
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ í	63,0	58,2	70,3
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ í	1.635	1.960	1.944,3
Umfang 1 og 2	tCO ₂ í	570	481	359
Umfang 3	tCO ₂ í	102.167	90.034	95.527
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (landsnetið) og 3)	tCO ₂ í	102.737	90.515	95.886
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 (með markaðsaðgerðum) og 3)	tCO ₂ í	104.308	92.417	97.760

Nasdaq: E1 | UNGC: P7 | GRI: 305-1,305-2,305-3 | SASB: General Issue / GHG Emissions | TCFD: Metrics & Targets

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2023	2024	2025
UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR				
Heildarlosun	tCO₂í	507,1	423,0	288,8
Eldsneytisnotkun farartækja	tCO ₂ í	257,2	248,6	249,5
Lekalosun	tCO ₂ í	249,9	174,4	39,3
UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR				
Heildarlosun	tCO₂í	63,0	58,2	70,3
Rafmagn	tCO ₂ í	32,3	27,9	25,9
Hitaveita	tCO ₂ í	30,6	30,3	44,4

Lykiltölur úr sjálfbærniuppgjöri – Gróðurhúsalofttegundir, frh.

Flokkur 1 – Aðkeypt vara og þjónusta (+6,3%)

Þessi flokkur er langstærsti þáttur umfangs 3 (93.394,3 tCO₂í) og skýrir flestar breytingar á heildarlosunarsvið. Hækkun líklega tengd aukinni veltu.

Flokkur 3 – Flutnings- og dreifitap (-97%)

Þessi liður lækkar úr 16,0 í 0,5 tCO₂í.

Breytingin skýrist fyrst og fremst af uppfærðri aðferðarfræði við útreikning á heitavatnslíð, sem leiðir til verulega lægri útreiknaðrar losunar fyrir þann undirlið.

Mikilvægt er að taka fram að lækkunin endurspeglar því ekki samsvarandi raunlækkun í allri losun flokksins, heldur fyrst og fremst breytingu á útreikningsforsendum fyrir heitavatn.

Flokkur 4 – Aðkeyptur flutningur og dreifing (-0,6%)

Nánast óbreytt í heild (2.045,5 → 2.033,8 tCO₂í). Landflutningar hækka um 11% (507,3 → 564,9 tCO₂í) en sjóflutningur lækkar um 5%.

Flokkur 5 – Úrgangur frá rekstri (+68%)

Hækkar úr 15,5 í 26,0 tCO₂í. Þetta er þó langt undir 2023 gildi (43,4 tCO₂í). Hækkun tengist breyttri meðhöndlun á beinum og fituvef frá úrbeiningu.

Flokkur 6 – Viðskiptaferðir (+124%)

Flugferðir hækka úr 5,0 í 11,2 tCO₂í. Þrátt fyrir að vera lítill þáttur í heildarlosun er um verulega hlutfallslega hækkun að ræða.

Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að fleiri flugferðir eru skráðar á árinu samanborið við fyrra ár. Breytingin endurspeglar því bættu skráningu og yfirsýn yfir ferðir starfsmanna.

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2023	2024	2025
UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM				
<i>Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	100.087,1	87.890,7	93.394,3
Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu	tCO ₂ í	100.087,1	87.890,7	93.394,3
<i>Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	75,0	76,9	61,4
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	tCO ₂ í	61,7	60,8	60,7
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	tCO ₂ í	0,1	0,1	0,2
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	tCO ₂ í	13,1	16,0	0,5
<i>Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	1.954,3	2.045,5	2.033,8
Flugfrakt	tCO ₂ í	12,3	8,3	8,7
Sjóflutningur	tCO ₂ í	1.437,8	1.529,9	1.460,2
Landflutningar	tCO ₂ í	504,2	507,3	564,9
<i>Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	43,4	15,5	26,
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	tCO ₂ í	43,4	15,5	26,0
<i>Flokkur 6: Viðskiptaferðir</i>				
Heildarlosun	tCO ₂ í	6,8	5,0	11,2
Flugferðir	tCO ₂ í	6,8	5,0	11,2

Lykiltölur úr sjálfbærniuppgjöri – Félagslegir þættir

Heildarfjöldi starfsmanna – hækkar um 9%

Heildarfjöldi starfsmanna hækkar úr 171 í 180. Fjöldi kvenna helst óbreyttur (33) á meðan karlmönnum fjölgar úr 138 í 147. Allir starfsmenn eru á ótímabundinni ráðningu.

Starfsmannavelta – nánast óbreytt

Veltuhlutfall hækkar lítillega úr 18,1% í 18,3%. Fjöldi sem hætti hækkar úr 31 í 33 á árinu.

Kjarasamningar – 100% tryggðir

Hlutfall starfsmanna undir kjarasamningum helst í 100%. Hlutfall með trúnaðarmann lækkar úr 93,6% í 88,9%.

Félagslegir þættir	Eining	2023	2024	2025
S1-6: Samsetning starfsfólks				
Heildarfjöldi starfsfólks				
Karlar	Fjöldi	148	138	147
Konur	Fjöldi	33	33	33
Samtals	Fjöldi	181	171	180
Fjöldi starfsfólks með ótímabundna ráðningu				
Karlar	Fjöldi	148	138	147
Konur	Fjöldi	33	33	33
Samtals	Fjöldi	181	171	180
Fjöldi starfsfólks með ótryggan vinnutíma				
Samtals	Fjöldi	0	0	0
Starfsmannavelta				
Fjöldi starfsmanna sem hætti á árinu	Fjöldi	26	31	33
Starfsmannavelta	%	14,3%	18,1%	18,3%
S1-8: Kjarasamningar og trúnaðarmenn				
Hlutfall starfsfólks sem heyrir undir kjarasamninga	%	99,0%	100,0%	100,0%
Hlutfall starfsfólks sem hefur trúnaðarmann	%	88,5%	93,6%	88,9%

Lykiltölur úr sjálfbærniuppgjöri – Félagslegir þættir, frh.

Kynjafjölbreytni í stjórnun – óbreytt

Hlutfall kvenna í æðstu stjórnunarstöðum helst í 30% (3 af 10). Engin breyting frá 2024.

Aldursdreifing – færast í átt að eldri starfsmönnum

Hlutfall yngsta aldurshópsins (undir 30 ára) lækkar úr 19,9% í 16,7%. Hlutfall 30–50 ára hækkar úr 56,1% í 58,3% og yfir 50 ára úr 24% í 25%.

Vinnuslys – hækkun sem þarfnast skýringar

Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa hækkar úr 16 í 19 (+19%) og tíðni hækkar úr 45,6 í 52,7 á hverja milljón vinnustunda (+16%). Engin dauðsföll urðu.

Fjölskyldutengd leyfi – lítil lækkun

Hlutfall starfsmanna sem nýtti sér fjölskyldutengd leyfi lækkar lítillega úr 6,4% í 5,6%. Allir starfsmenn eiga rétt á slíku leyfi.

Kynbundinn launamunur – óbreyttur

Óútskýrður launamunur milli kynja helst í 0,3% sem er vel undir 2% viðmiði jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Jafnlaunavottun var viðhaldið.

Félagslegir þættir	Eining	2023	2024	2025
S1-9: Fjölbreytnimælikvarðar				
Kynjafjölbreytni í æðstu stjórnunarstöðum				
Karlar	Fjöldi	7	7	7
Konur	Fjöldi	2	3	3
Karlar	%	77,8%	70%	70%
Konur	%	22,2%	30%	30%
Aldursdreifing starfsfólks				
< 30 ára	%	25,0%	19,9%	16,7%
30-50 ára	%	52,0%	56,1%	58,3%
> 50 ára	%	23,0%	24,0%	25%
S1-14: Heilsa og öryggi				
Fjöldi dauðsfalla sem afleiðing vinnuslysa eða vinnutengdra veikinda	Fjöldi	0	0	0
Fjöldi dauðsfalla verktaka eða starfsmanna annarra fyrirtækja á starfsstöðvum félagsins	Fjöldi	0	0	0
Fjöldi skráningarskyldra vinnuslysa	Fjöldi	12	16	19
Tíðni skráningarskyldra vinnuslysa	x/1.000.000	34,5	45,6	52,7
S1-15: Jafnvægi milli vinnu og einkalífs				
Hlutfall starfsmanna sem hefur lögbundinn rétt til fjölskyldutengds leyfis	%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfall starfsmanna sem nýtti sér fjölskyldutengd leyfi				
Samtals	%	N/A	6,4%	5,6%
S1-16: Launamunur kynjanna				
Kynbundinn launamunur (óútskýrður)	%	0,4%	0,3%	0,3%

Fjárfesting í kolefniseiningum

Þótt aðaláhersla sé lögð á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda þykir okkur jafnframt mikilvægt að styðja við lausnir sem miða að bindingu kolefnis eða forðun á losun gróðurhúsalofttegunda. Það er stefna félagsins að fjárfesta í fjölbreyttum og ábyrgum verkefnum sem leggja áherslu á rekjanleika og mælingar.

Aðföng, ásamt öðrum dótturfélögum Haga, studdu eftirtalin verkefni á árinu 2025:

Katla Carbon – Verkefnið snýr að því að tryggja jaðarsettum stúlkum í Sambíu fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun. Katla Carbon hefur þróað aðferðarfræði og reiknilíkan sem mangugreinir loftslagsávinning þess að auka menntunarstig stúlkna í þróunarríkjum, mælt í tonnum af koltvísýringisgildum. Kolefniseiningarnar sem Katla Carbon framleiðir eru einingar í bið (e. ex ante). Að verkefninu loknu verða þær staðfestar og skráðar í loftslagsskrá International Carbon Registry. Hagar hafa gert framvirkan samning um kaup á kolefniseiningum frá Kötlum Carbon til þriggja ára.

Klim – Binding kolefnis í jarðvegi með beitingu auðgandi landbúnaðar (e. regenerative agriculture). Verkefnið styður bændur við innleiðingu breyttra búskaparháttanna sem auka kolefnisbindingu í jarðvegi. Bindingin felst í aukinni uppsöfnun lífræns kolefnis í jarðvegi, sem jafnframt bætir frjósemi hans og vatnsheldni. Kolefniseiningarnar eru vottaðar samkvæmt Verra VCS og skráðar í CSA – GHG CleanProject Registry.

Carboneers - Binding kolefnis úr andrúmslofti með framleiðslu á handgerðum lífkolum í Indlandi. Verkefnið tengist matvælaframleiðslu þar sem lífkol eru notuð til að auðga jarðveg til ræktunar. Áætlaður varanleiki bindingarinnar er yfir 100 ár. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á valdeflingu kvenna, en 60% stjórnenda þess eru konur. Verkefnið er vottað samkvæmt Carbon Standards International og einingarnar skráðar í C-Sink Registry.





UMHVERFISÞÆTTIR

Sjálfbærni- og umhverfisstefna

Við leggjum metnað í að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar með skilvirkum verkferlum og umhverfisvænum lausnum.

Sjálfbærnistefna Aðfanga tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (SP) og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið:

- Heilsa og vellíðan
- Aukinn jöfnuð
- Ábyrga neyslu og framleiðslu
- Aðgerðir í loftslagsmálum

Sjálfbærnistefna félagsins er aðlöguð að UFS viðmiðum Nasdaq sem skiptast í þrjá flokka:

- U** fyrir umhverfispætti
- F** fyrir félagslega þætti
- S** fyrir stjórnarhætti


Umhverfisstefna Aðfanga er sett fram með það að leiðarljósi að leggja áherslu á mikilvægi umhverfissjónarmiða í daglegri starfsemi félagsins. Meginmarkmiðið er að félagið leggi sitt af mörkum í þágu sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar og styðji við mikilvægi þess að starfsfólk sé meðvitað um aðgerðir félagsins í þágu umhverfisins. Aðföng vilja stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda jarðarinnar í þágu íbúa hennar, atvinnulífs og komandi kynslóða, til efnahagslegs og félagslegs ábata.



Vel innleidd flokkunarmenning

Úrgangur sem fellur til í rekstri vöruhúsa Aðfanga, kjötvinnslu Ferskra kjötvara, eldhúss, matsala og skrifstofa er flokkaður eins nákvæmlega og kostur er eða í allt að 20 flokka. Þetta er bæði vegna ytri krafna og ekki síður til að auðvelda hirðuaðilum, samstarfsfyrirtækjum okkar Terra umhverfisþjónustu hf, SORPU bs. og Kölku sf, að koma úrganginum í viðeigandi meðhöndlun, endurnýtingu eða endurvinnslu. Hreinir úrgangsstraumar skipta þar sköpum. Á öllum starfsstöðvum Aðfanga eru úrgangsilát, allt frá minnstu ílátum til stærri, merkt samkvæmt samnorrænu flokkunarkerfi. Það þekkir starfsfólk okkar frá úrgangsilátum við heimili sín, á grenndar- og endurvinnslustöðvum, á ruslabiðum í almenningsrýmum og á umbúðum matvæla. Innleiðing flokkunarmenningar hjá Aðföngum hefur því gengið mjög vel.

Í töflunni hér til hliðar má sjá yfirlit yfir úrgangsflokka sem falla til í rekstri Aðfanga, í samræmi við viðurkenndar flokkunarreglur og verklag félagsins.



Úrgangsflokkar*

1. Bein og fituvefur frá úrbeiningu
2. Matvæli & drykkir í umbúðum
3. Bylgjupappi
4. Strekkifilma – glær
5. Blandaður úrgangur
6. Umbúðatimbur
7. Efnavara
8. Brotamálmar
9. Matarleifar (frá eldhúsi & matsölum)
10. Blandaður pappír og pappi
11. Rafgeymar
12. Blandaðar plastumbúðir
13. Grófur úrgangur
14. Smá raftæki
15. Trúnaðarskjöl
16. Gler
17. Málmumbúðir
18. Skilgjaldsskyldar umbúðir
19. Matarolía
20. Textíll

*raðað eftir minnkandi magni [kg]



**FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR**

Mannauður

Mannauðsstefna Aðfanga er hluti af heildarstefnu félagsins en undir hana fellur jafnframt jafnréttisstefna, jafnlaunastefna, stefna í einletis-, áreitni- og ofbeldismálum. Stefnan endurspeglar gildi félagsins:

Ábyrgð - Heiðarleiki - Liðsheild - Metnaður

Innan Aðfanga starfar metnaðarfullur hópur fólks með ólíkan bakgrunn, þekkingu og reynslu. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nýju fólki, veita því viðeigandi þjálfun og skapa öruggt og jákvætt starfsumhverfi sem styður við sterka liðsheild.

Nokkrar tölulegar staðreyndir:

- **Þjóðerni**
 - *vel á annan tug*
- **Aldursdreifing**
 - *58,3% á aldrinum 30-50 ára*
 - *16,7% undir þrítugu*
 - *25% yfir fimmtugu*
- **Meðal starfsaldur**
 - *9,2 ár*



JAFNLAUNAVOTTUN
2025 - 2028

Jafnlaunastefna Aðfanga er órjúfanlegur hluti af launastefnu félagsins og er ætlað að tryggja öllu starfsfólki jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum. Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allir hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Aðföng hafa hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012 frá árinu 2019. Við leggjum áherslu á jöfn tækifæri og viljum tryggja jafnrétti án þess að kyndbundinn mismunur eigi sér stað. Óútskýrður launamunur hefur verið undir viðmiðum frá upphafi og var 0,3% körlum í vil árið 2025.

Starfsfólkið er lykillinn að góðum rekstri

Á árinu 2025 lagði Aðföng sérstaka áherslu á heilsu og vellíðan og aukna fræðslu til starfsfólks.

Vinnustaður í fremstu röð

Á síðustu árum höfum við gert reglubundnar mælingar á starfsánægju með það að markmiði að auka starfsánægju á vinnustaðnum. Niðurstöðurnar veita okkur mikilvæga innsýn í líðan starfsfólks hverju sinni. Starfsánægja hefur ávallt mælst há en helstu styrkleikar sem lesa má úr niðurstöðum kannana eru heilsa og vellíðan, gott starfsöryggi og hollusta við vinnustaðinn. Við unnum markvisst með niðurstöðurnar á liðnu ári og uppskárur viðurkenninguna *Vinnustaður í fremstu röð* frá Moodup fyrir árið 2025. Viðurkenningin byggir á framkvæmdar eru reglulegar mælingar, viðbrögðum við endurgjöf starfsmanna og því að við náðum viðmiðum um starfsánægju í samanburði við aðra íslenska vinnustaði.

Starfsmannasamtöl

Á liðnu ári innleiddum við starfsmannasamtöl hjá félaginu til að skapa vettvang fyrir opið samtal á milli starfsmanns og næsta yfirmanns. Markmiðið með árlegu starfsmannasamtali er að meta frammistöðu starfsfólks, skýra hlutverk og væntingar þeirra ásamt markmiðasetningu til framtíðar. Samtalið stuðlar að gagnkvæmri endurgjöf og markvissri starfsþróun sem styður við markmið félagsins.

Heilsa og vellíðan starfsmanna

Okkur er annt um heilsu starfsfólks og framkvæmum reglulegt áhættumat á vinnuumhverfi, bjóðum upp á árlega bólusetningu gegn influensu, líkamsræktarstyrk og rafræna fræðslu sem hvetur til heilsueflingar.



Öryggi og vinnuvernd

Öryggisnefndarstarfið var virkt yfir árið og hélt utan um áhættugreiningu atvika og slysa, umbætur í eldvarnarstarfi og öðru öryggiseftirliti. Meðal umbótaverkefna voru m.a. ný flóttaleiðaskilti í kjölfar breytinga á húsnæði, breytingar á merkingum neyðarbúnaðar, endurnýjun árekstrarvarna og ný braut fyrir sérstaka gerð kjötkróka í kjötmóttöku. Ýmsu leiðbeiningarefni var miðlað rafrænt og á annað hundrað manns sátu námskeið tengd öryggi og vinnuvernd. Forgangsröðun öryggis, heilsu og vellíðan starfsmanna stuðlar að sjálfbærni.

Stefna Aðfanga í vinnuumhverfis- og öryggismálum er að starfa á samræmdan og ábyrgan hátt að vinnuumhverfismálum, þannig að starfsfólki sé tryggt gott og öruggt starfsumhverfi. Lögð er áhersla að starfsmenn taki ábyrgð og gangi jákvæðir til verka og að öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfismál verði liður í daglegum rekstri.

Stefnumarkmiðið er: *vinnustaður án slysa, allir heilir heim frá vinnu*. Reglulega er minnt á mikilvægi öryggis í starfi og þau hvött til að sýna aðgæslu. Við berum öll ábyrgð á eigin öryggi og að gæta að öryggi hvers annars. Öryggisnefnd tekur til umfjöllunar öll atvik og slys sem tilkynnt eru hverju sinni. Tilgangur nefndarstarfsins er að tryggja að tillögum um úrbætur í öryggismálum, sem starfsmenn leggja fram, sé sinnt og þeim sé gerð grein fyrir úrbótum.



Nýr Caterpillar lyftari notaður í frysti Aðfanga

Forvarnir draga úr óhöppum og slysum á fólki, tjón á eignum og umhverfi, með því að fjarlægja slysaivalda. Reglulega er haldin þjálfun í viðbrögðum við ýmsum atvikum sem geta komið upp.

Aðföng nota eingöngu viðurkenndan og öruggan búnað sem uppfyllir öryggiskröfur. Bili tæki, skemmist stoðir eða slár í rekkakerfi skal það tilkynnt til næsta yfirmanns. Einnig er hægt að skrá tilkynningar um slys, atvik og bilanir í starfsmannaappinu Relesys. Öryggisskór, sýnileikafatnaður, heyrnarhlífar og annar öryggisbúnaði uppfyllir staðla fyrir slíkan búnað, viðurkennda af Vinnueftirlitinu. Slökkvibúnaður uppfyllir kröfur brunahönnuðar og er augljóslega merktur og aðgengilegur. Þjörgunarbúnaður eins og sjúkrakassar, hjartastuðtæki, augnskol og neyðarsturtur séu á vel merktum og aðgengilegum stöðum. Yfirlitsmyndir á völdum stöðum sýna flóttaleiðir, neyðarútganga og staðsetningu þjörgunarbúnaðar.

Öryggi og vinnuvernd, frh.

Eldvarnir í fókus

Eldvarnarstarfið er ein grunnstoðin í öryggismálunum. Húsnæði Aðfanga er útbúin brunaviðvörðunarkerfum sem eru vöktuð og þjónustuð af leyfisskyldum þjónustuaðila. Eftirlit er samkvæmt þjónustusamningum og viðhaldi er sinnt á brunavarnakerfum húsanna (vatnsúðakerfi, brunaviðvörðunarkerfi, brunavarnabúnaði loftræstikerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Aðföng sinna eigin eldvarnareftirliti samkvæmt kröfum reglugerðar um eldvarnir. Eldvarnarfulltrúi Aðfanga sinnir samskiptum við eftirlitsstofnanir í ytri úttektum (til dæmis vegna breytinga/framkvæmda, hlutaúttekta og öryggisúttekta). Öryggisfulltrúi Aðfanga er tilnefndur eldvarnarfulltrúi fyrir starfstöðvar félagsins. Hann sinnir reglubundnu eldvarnareftirliti samkvæmt reglum og leiðbeiningum eftirlitsaðila. Í því felst ástandsskoðun á brunaviðvörðunarkerfum sem eru tengd skynjurum (reyk-, hita-, úða-, reyklosunakerfum o.fl.). Einnig felst í því sjónskoðun á handslökkvibúnaði, eldvarnarhurðum, stigum, handboðum, útgangsljósum, neyðarlýsingu og stýrikössum loftræstikerfa samhliða öðrum skoðunatriðum tengdum viðbragðsbúnaði (sjúkrakassar, hjartastuðtæki, augnskolskassar, neyðarsturtur) og öðrum öryggisatriðum.

Í eftirlitsferðum er einnig umgengni í kringum neyðarbúnað, flóttaleiðir og neyðarútganga skoðuð til að tryggja greitt aðgengi. Öryggisfulltrúi fylgir úrbótum eftir í skráningum og skýrslugerð í samskiptum þvert á deildir og kallar eftir viðeigandi úrbótum. Hann tekur einnig við ábendingum frá stjórnendum, starfsmönnum og þjónustuaðilum og skráir til úrbóta en rík áhersla er lögð á jákvæða öryggis- og sanngirnismenningu með það að markmiði að hvetja til ábendinga og umbóta.



Söfnunarsvæði (tákn) virkjust við rýmingu byggingar til að framkvæma talningu á fólki á öruggum stað og tryggja að þau fari ekki aftur inn í hús fyrr en búið er að aflýsa hættuástandi. Að horni Barkarvogs og Brúarvogs. Sprinkle-rými Skútuvogs 9 í augsýn.

Öryggi og vinnuvernd, frh.

Eldvarnarmál eru fastur liður á fundum öryggisnefndar, sem og í ársskýrslu öryggisfulltrúa sem er lögð fyrir nefndina til yfirferðar og til framkvæmdarstjóra. Öryggisfulltrúi fylgir eftir framkvæmd árlegra úttekta á brunaviðvörðunarkerfum og tengdum skynjurum. Samhliða þeim fara fram árlegar úttektir á handslökkvibúnaði, ásamt áfyllingu eftir þörfum, neyðarlýsingu og öðrum eldvarnarkerfum. Öryggisfulltrúi tekur jafnframt þátt í úttektum eftirlitsaðila vegna leyfisskyldra breytinga á húsnæði og kerfum, sem og reglubundnu eftirliti SHS. Hann leitar til eftirlitsaðila, brunahönnuða, annarra fagaðila og samstarfsmanna eftir leiðbeiningum og ráðgjöf, eftir þörfum. Hann sækir sjálfur námskeið, fræðslufundi og ráðstefnur til að viðhalda þekkingu sinni. Öryggisfulltrúi fylgir jafnframt eftir fræðslu til starfsmanna um eldvarnir og neyðarviðbrögð. Eldvarnir eru fastir liðir í öryggisfræðslu bæði fyrir nýliða og í símenntun. Hann kallar einnig til sérhæfða þjálfunaraðila til að kenna lykilhópum starfsmanna skyndihjálp, meðhöndlun handslökkvibúnaðar og rýmingu, en sömu aðilar framkvæma jafnframt úttektir á rýmingaræfingum.

Þjálfun og fræðsla starfsfólks í öryggi og vinnuvernd

Allir starfsmenn skulu fá fræðslu og þjálfun. Námsfni tekur mið af áhættumati starfa og tegund fræðslu ræðst af ábyrgð og þörfum tiltekinna starfa og deilda. Við upphaf starfs, og eftir þörfum þar á eftir, fá starfsmenn fræðslu um skipulag og reglur sem gilda í félaginu, auk helstu áhættuþátta. Skrá skal þjálfun hvers starfsmanns. Hverjum starfsmanni skulu kynntar stefnur og markmið Aðfanga í öryggis- og vinnuverndarmálum sem og neyðaráætlun og stefnu í eineltis-, áreitnis- og ofbeldismálum, og honum gert að tileinka sér þær. Gerð er grein fyrir ábyrgð og kröfum sem gerðar eru til starfsmanna, stjórnenda og atvinnurekenda þ.m.t. gagnvart öðrum starfsmönnum, mannvirkjum og tækjum. Ítrekað er mikilvægi þess að tilkynna um óhöpp, slys og eignatjón, um næstum slys og óhöpp og hvað skuli gera ef neyðarástand skapast. Samskiptaleiðir innan félagsins eru kynntar, þ.m.t. vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. Einnig er fjallað um annað sem stuðlar að bættu öryggi, heilsu og vellíðan á vinnustað, svo sem skyndihjálparnámskeið, námskeið í meðhöndlun slökkvitækja, námskeið í líkamsbeitingu. Auk þess er fjölbreyttu fræðsluefni miðlað rafrænt. Stefna Aðfanga í öryggi og vinnuvernd er nánar útfærð í öryggishandbók félagsins.



Frá þjálfun starfsmanna í meðhöndlun handslökkvibúnaðar í október 2025

Öryggi og vinnuvernd, frh.

Yfirferð yfir árið

Öryggisnefndarstarfið var virkt yfir árið, þar sem unnið var að áhættugreiningu atvika og slysa, umbætur í eldvarnarstarfi og öðru reglubundnu öryggiseftirliti. Ný flóttaleiðaskilti voru innleidd í febrúar eftir breytingar á húsnæði í Skútuvogi 7-9. Árskoðanir brunaviðvörðunarkerfa fóru fram í mars í Korngörðum og október í Skútuvogi, samhliða skoðunum á neyðarlýsingu og öðrum eldvarnarkerfum. Lyftarar voru skoðaðir reglulega yfir árið af Vinnueftirlitinu. Ýmsar umbætur voru gerðar á merkingum neyðarbúnaðar og árekstrarvarnir endurnýjaðar eftir þörfum. Ný braut fyrir sérstaka gerð kjötkróka var sett upp í móttöku Ferskra kjötvara. Birgjar kjötvinnslunnar nota ólíkar tegundir króka og nýja brautin auðveldar umskipti á krókum. Miðlað var ýmsu efni og fróðleik í gegnum starfsmannaappið Relesys. Á annað hundrað starfsmenn sátu ýmis námskeið tengd öryggi og vinnuvernd. Markmið og skylda Aðfanga er að öryggi, heilsa og vellíðan starfsmanna sé ávallt í forgangi.



Árekstrarvörn--hlið--í móttöku Aðfanga, Skútuvogi 7



Stýringar á úðakerfi Skútuvogs 9



Umskipti á kjötkrókum í kjötmóttöku Ferskra kjötvara (krókur til vinstri frá birgja) á braut smíðaðri í maí-júní 2025.

Undirbúningur nýrrar kjötvinnslu

Undirbúningur og skipulagning


Á árinu 2025 fór verulegur tími og vinna í undirbúning að flutningi starfseminnar í nýja kjötvinnslu, sem áætlað er að taki til starfa árið 2026. Verkefnið hefur falið í sér umfangsmikla hönnun á aðstöðu, skipulagningu ferla og val á búnaði með það að markmiði að bæta bæði vinnuaðstæður og gæði framleiðslu.

Við uppbyggingu nýju kjötvinnslunnar er lögð sérstök áhersla á skilvirkni, hreinlæti og öryggi, auk þess að skapa betri og öruggari aðstöðu fyrir starfsfólk. Með nýjum tækjabúnaði og bættri aðstöðu skapast jafnframt tækifæri til að draga úr sóun, bæta nýtingu hráefnis og stuðla að stöðugu og öruggu framleiðsluferli.

Verkefnið er jafnframt liður í því að mæta auknum kröfum um gæði, rekjanleika og sjálfbærni í matvælaframleiðslu og styrkir þannig samkeppnisstöðu félagsins til framtíðar.

Undirbúningurinn á árinu 2025 er því mikilvægur áfangi í áframhaldandi uppbyggingu Ferskra kjötværa og styður við markmið félagsins um sjálfbæran og ábyrgan rekstur.

FERSKAR  **KJÖTVÖRUR**



Samfélagsverkefni

Stuðningur við íslenska nautgriparækt

Í yfir 14 ár hefur kjötvinnsla Aðfanga, Ferskar kjötvörur, unnið með nautgripabændum víðs vegar um landið að verkefni sem miðar að því að styðja við íslenska nautgriparækt og um leið bæta gæði íslensks nautakjöts. Með sérstökum álagsgreiðslum, sem greiddar eru til viðbótar við verð frá sláturleyfishöfum, eru bændur hvattir til ræktunar stærri og vöðvafyllri gripa. Þannig stuðlar verkefnið að betri nýtingu, meira úrvali og enn betri afurðum fyrir neytendur.

Kjötið er unnið hjá kjötvinnslu Aðfanga og selt undir vörumerkinu Íslandsnaut, sem hefur skipað sér sess sem þekkt og traust vörumerki á íslenskum markaði.

Á árinu 2025 fengu 38 bændur álagsgreiðslur og var fjöldinn einnig 38 árið á undan. Heildarálagsgreiðslur ársins námu 62,3 milljónum króna, sem er lítilsháttar lækkun frá árinu 2024 þegar þær námu 63,3 milljónum króna.

Þrátt fyrir þá breytingu hefur verkefnið styrkst verulega á undanförunum árum, álagsgreiðslur námu 22,7 milljónum króna árið 2022 og 44,1 milljón árið 2023.

Uppfylla þarf ákveðin fallþungamörk svo álagsgreiðsla virkist. Eftirfarandi þrjár álagsflokkar giltu á árinu 2025:

- 5% fyrir 200–249 kg gripa
- 10% fyrir 250–299 kg gripa
- 15% fyrir gripa sem eru 300 kg og þyngri

Það er von stjórnenda Aðfanga að verkefnið verði áfram hvatning fyrir íslenska nautgripabændur og styðji jafnframt við áframhaldandi framleiðslu á hágæða íslensku nautakjöti.



Samfélagsverkefni

Aðföng styðja samfélagsverkefni sem draga úr sóun, efla heilsu og styrkja þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði. Þá styrkir félagið einnig krabbameinsrannsóknir. Með þessum hætti leitast Aðföng við að skapa jákvæð og varanleg áhrif á samfélagið.

Saman gegn sóun

Verkefni tengd sóun í virðisreðu Aðfanga eru afar mikilvæg og tengjast þau beint og óbeint nær öllum rekstrarferlum. Með því að hafa „lágörkun sóunar“ alltaf á dagskrá næst markverður árangur til hagsbóta fyrir reksturinn. Þegar stefnir í sóun á vörum leggjum við okkur fram um að gefa þeim framhaldslíf í samstarfi við hjálparsamtök á borð við:

- **Samhjálp**
- **Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur**
- **Hjálpræðisherinn**
- **Kattavinafélag Íslands**

Stuðningur við einstaklinga með skerta starfsgetu

Veitum skilagjaldsskyldum umbúðum nýtt líf

Starfsfólk Aðfanga styrkir ungmennastarf á vegum Bandalags íslenskra skáta. Á öllum starfsstöðvum Aðfanga eru söfnunarílát fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir. Þeim er safnað saman í tunnur og kör sem **Grænir skátar** skipta út reglulega. Starf þeirra stuðlar að endurvinnslu og umhverfisvernd, þar sem skilagjaldsskyldar umbúðir fá nýtt líf í gegnum skipulagða flokkun og endurvinnslu. Starfsmannafélag Aðfanga og skátarnir njóta bæði góðs af samstarfinu.

Margar hendur vinna léttu – efling starfgetu

Um ára bil hafa Aðföng miðlað verkefnum til **Örva**, sem er fyrirtæki sem þjálfar og styrkir einstaklinga með skerta starfsgetu. Örvi framleiðir vörur, svo sem plastumbúðir, og tekur að sér ýmis verkefni fyrir viðskiptavinum – *til dæmis merkingar á vörum eins og frá okkur.*

Styrkir til krabbameinsrannsókna

Aðföng lögðu sitt að mörkum á árinu 2025 og styrktu starfsemi **Krabbameinsfélagsins** með kaupum á Bleiku slaufunni og Mottumars-sokkum fyrir starfsfólk sitt. Krabbameinsfélagið er almannaheillafélag sem hefur þann tilgang að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini.

Stuðningur við frumkvöðlaverkefni í matvælaframleiðslu

Undir lok apríl síðastliðinn, í nýsköpunarvikunni „Iceland Innovation Week“, hlutu níu íslensk frumkvöðlaverkefni í matvælageiranum styrki úr Uppsprettunni, nýsköpunarsjóði Haga. Þetta er í fimmta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum, en frá stofnun hans árið 2021 hafa alls 50 verkefni fengið styrki að fjárhæð um 70 milljónir króna.

Áhersla sjóðsins er ekki eingöngu að styðja við þróun og nýsköpun í matvælagreinum með beinu fjármagni heldur einnig með þekkingarmiðlun. Styrkþegar fá aðgang að sérfræðiþekkingu innan samstæðunnar, þar á meðal í verslun, innflutningi, framleiðslu og umbúðahönnun, sem styður þá frá hugmynd til markaðssetningar.

Verkefni sem hlutu styrki endurspegla fjölbreytni í íslenskri matvælanýsköpun, allt frá prótríku pítsadeigi til handgerðs konfekts, sjávarréttar og heilsuvara úr sveppum.

Með Uppsprettunni er unnið markvisst að því að efla nýsköpun og styðja við þróun sjálfbærari lausna í matvælaiðnaði. Samvinna frumkvöðla og sérfræðinga innan Aðfanga stuðlar að aukinni verðmætasköpun og jákvæðum áhrifum á samfélagið í heild.



Þessir frumkvöðlar hlutu styrki úr Uppsprettunni:

Stökkfiskur - Framleiðsla og markaðssetning á snakkvörum í nýjum og nútímalegum búningi. Teymið á bakvið Stökkfisk samanstendur af Sölva Steini Helgasyni, Sigrúnu Finnu Snædal, Zöru Gerson og Magnúsi V. Snædal.

GABRÍELA – Framleiðsla og markaðssetning á hágæða majónesi sem notast við avókadólíu í stað hefðbundinnar repjuolíu. Að baki verkefninu stendur Helga Gabríela Sigurðardóttir.

Oatme – Framleiðsla og markaðssetning á hollum og próteinbættum hafragraut. Hafragrauturinn er bragðbættur með frostþurrkuðum berjum og ávöxtum. Sölvi Ólason fer fyrir verkefninu.

Helga Magga – Framleiðsla og markaðssetning á próteinríku pizzadeigi sem byggir á vinsælustu uppskrift Helgu Margrétar Gunnarsdóttur frá upphafi.

R8iant – Framleiðsla og markaðssetning á steinefna- og saltdrykkjum í nýjum búningi. Að baki R8iant standa þau Aron Gultekin Can og Erna María Björnsdóttir.



Neskja – Framleiðsla og markaðssetning á íslensku handgerðu hágæðakonfektí. Að baki Neskju standa konfektgerðarmeistararnir Ívar Kjartansson og Chidapha Kruusaeng.

Icelandic Gourmet Foods – Framleiðsla og markaðssetning á íslenskum sjávarréttum, unnum úr fersku hráefni og varðveittum með hefðbundinni niðursuðu. Að baki verkefninu standa Sigurlaugur Þorkelsson og Einar Víglundsson.

North Tropics – Framleiðsla og markaðssetning á hágæða mat- og heilsuvörum úr sveppum. Teymið á bakvið North Tropics samanstendur af þeim Adami Karli Helgassyni, Ragnari Raul Cardona, Álfgeiri Alejandro Önnusyni og Robert Cardona.

Norr Energy Gum – Framleiðsla og markaðssetning á sykurlausu tyggjóí með virkni. Að baki verkefninu standa þau Hörður Jens Guðmundsson og Lena Rut Kristjánsdóttir.





STJÓRNARHÆTTIR

Siðareglur starfsfólks

1. Inngangur

Hagar og dótturfélög vilja vera fyrsti valkostur viðskiptavina sinna, góður samfélagsþegn, eftirsóttur vinnuveitandi og ákjósanlegur og öruggur fjárfestingarkostur. Siðareglur þessar gilda um stjórn Haga og allt starfsfólk félagsins og dótturfélaga þess. Við leggjum áherslu á þarfir viðskiptavina okkar og að við uppfyllum þær á einfaldan og hagkvæman hátt. Við viljum þjóna viðskiptavinum okkar þannig að þeir komi til okkar aftur og aftur. Við erum meðvituð um að orðspor og ímynd félagsins og traust í okkar garð byggir á frammistöðu okkar hvern dag. Því leggjum við áherslu á að vanda til verka og huga að hverju smáatriði. Við þurfum sjálf að standa vörð um orðspor okkar. Félag Haga eru öll rekin sem sjálfstæð félög og hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu. Þó er mikilvægt að við séum meðvituð um þær áherslur og gildi sem sameina okkur og gera okkur að því sem við erum.

Gildi Haga eru eftirfarandi:

Hagkvæmni	Við leitum stöðugt nýrra leiða til að geta boðið neytendum meira fyrir minna.
Samvinna	Styrkur Haga felst í innbyrðis samvinnu eininganna og uppbyggilegu samstarfi við alla okkar viðskiptavini.
Þjónustulund	Án viðskiptavina væru Hagar ekki til. Við viljum alltaf bæta þjónustu og upplifun þeirra.
Framsækni	Við viljum halda áfram að þróa íslenska verslunarflóru og bjóða neytendum upplifun og gæði í fremstu röð á heimsvísu.

2. Lög og virðing

Við leggjum áherslu á að fara ávallt að lögum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgjum þeim reglum sem félagið setur á hverjum tíma. Við sýnum hvert öðru virðingu og líðum ekki óréttlæti, s.s. einelti, kynferðislega áreitni eða mismunun vegna ómálefnalegra þátta eins og kynferðis, trúar, kynþáttar eða kynhneigðar. Ef við verðum vör við einelti eða óréttlæti, upplýsum við yfirmenn okkar um það samstundis. Okkur er óheimilt að afhenda út úr félaginu söluvörur eða annan varning sem ekki hefur verið skrifaður út úr sölukerfum félagsins og okkur er óheimilt að víkja frá útgefnum reglum varðandi afslætti og greiðsluskilmála til einstaklinga og fyrirtækja. Við afgreiðum okkur ekki sjálf né afgreiðum okkur nákomna. Við tilkynnum yfirmanni okkar ef við verðum vitni að þjófnaði, spillingu eða óreiðu innan félagsins. Við notum ekki aðstöðu okkar í félaginu, svo það beri skaða af. Við misnotum ekki tölvupóst, tölvur, bréfsefni eða nafnspjöld o.fl. með persónulegan ávinning í huga.

3. Við gætum trúnaðar

Við erum bundin þagnarskyldu samkvæmt lögum um hvaðeina sem við verðum áskynja í starfi okkar varðandi viðskiptavinum okkar, sem og um starfsemi félagsins. Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Við nýtum okkur ekki trúnaðarupplýsingar til fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur sjálf eða aðra. Við förum vel með trúnaðargögn félagsins og gætum þess að þau séu tryggilega geymd.

Siðareglur starfsfólks, frh.

4. Gjafir og hagsmunir

Við tökum ekki við gjöfum eða annars konar greiðslu eða þjónustu, svo sem boðsferðum, skemmtunum, fríðindum eða greiða nema með samþykki yfirmanns. Gildir það um gjafir frá birgjum, þeim sem óska eftir að eiga viðskipti við félagið, eða öðrum þeim sem gætu hagnast á ákvörðunum starfsmanna félagsins. Við forðumst að taka ákvarðanir sem geta skapað hagsmunaárekstra. Meginreglan er að hagsmunir okkar og félagsins fari saman. Við þurfum að vera vakandi og taka heiðarlega afstöðu þegar sú staða kemur upp að ákvörðun okkar fylgir persónulegur ávinningur og leita álits yfirmanns í öllum vafamálum.

5. Samfélagið og félagsmál

Við tökum öll þátt í félagsstörfum og sinnum samfélagsmálum. Við viljum láta gott af okkur leiða. Við gætum þess þó að háttsemi utan vinnutíma hafi ekki slæm áhrif á starf okkar eða orðspor félagsins. Stjórnendur og yfirmenn félagsins þurfa skriflega heimild til þess að stunda launaða vinnu utan þess.

6. Góð samskipti


Til þess að bæta árangur okkar og starfsánægju, fylgjum við samskiptareglum og komum fram við hvert annað eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.


Samskiptareglur:

1. Við hrósum og hvetjum hvert annað.
2. Við virðum skoðanir hvers annars.
3. Við erum hreinskilin.
4. Við erum jákvæð.
5. Við baktölum ekki náungann.
6. Við hlustum hvert á annað.

7. Við göngum vel um vinnustaðinn okkar.
8. Við veitum liðsinni ef við sjáum að einhverjum líður illa.
9. Við fundum reglulega saman og tryggjum þannig góð samskipti.
10. Við erum létt í lund – húmorinn til staðar.

Þannig samþykkt 7. apríl 2022





HEIMSMARKMIÐIN

Tenging við heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til skemmri og lengri tíma.

Aðföng hafa forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum félagsins. Þau tengjast starfsemi félagsins, starfsemi Haga og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar. Þessi fjögur markmið eru:

- 3. Heilsa og vellíðan
- 10. Aukinn jöfnuður
- 12. Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13. Aðgerðir í loftslagsmálum

HEIMSMARKMIÐ Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



#3 Heilsa og vellíðan



Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan m.a. á eftirfarandi hátt:

- Með því að aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir.
- Með því kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar séu ekki liðin.
- Með því að tryggja framboð á vörum sem bæta lýðheilsu landsmanna.

#10 Aukinn jöfnuður



Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð m.a. á eftirfarandi hátt:

- Með virkri mannauðsstefnu sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu.
- Með því að tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf og það sé staðfest með jafnlaunavottun óháðs úttektaraðila.

#12 Ábyrg neysla og framleiðsla



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um heilsu og vellíðan m.a. á eftirfarandi hátt:

- Með því að lágmarka vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni.
- Með því draga úr úrgangri frá rekstri og tryggja að úrgangsstraumar séu sem hreinastir við afhendingu til hirðuaðila.
- Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga.

#13 Aðgerðir í loftslagsmálum



Við styðjum við heimsmarkmið 10 um aukinn jöfnuð m.a. á eftirfarandi hátt:

- Með því að þekkja eins vel og kostur er kolefnisspor félagsins.
- Með því að gefa út sjálfbærnisráðgjafir sem tekur á helstu UFS þáttum í rekstri félagsins.
- Með því að halda virku samtali við viðskiptavinum, birgja og starfsfólk varðandi stefnur og leiðir til aukinnar sjálfbærni í rekstri.

Horft til framtíðar

Starfsemi Aðfanga byggir áfram á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og viljum við leggja okkar af mörkum til að markmiðin náist fyrir árið 2030. Við leggjum áfram sérstaka áherslu á fjögur markmið þar sem við teljum að við getum haft mest áhrif:



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 13


Aðgerðir í loftslagsmálum

Gerð árlegrar sjálfbærnisráðgjafar er mikilvægur farvegur fyrir markvissa vinnu og stöðugar umbætur. Hún veitir okkur aðhald í þeirri vegferð að lágmarka úrgang og sóun, skapa heilbrigt og öruggt starfsumhverfi, hafa jákvæð áhrif á samfélagið og stuðla að ábyrgum stjórnarháttum.

Árið 2025 einkenndist af áframhaldandi vinnu við sjálfbærni, aukinni yfirsýn yfir kolefnisspor starfseminnar og undirbúningi fyrir mikilvæg framtíðarskref, þar á meðal flutning Ferskra kjötvara í nýtt húsnæði árið 2026. Með þeirri breytingu skapast tækifæri til að bæta aðstöðu, efla hreinlæti og öryggi, auka skilvirkni og draga enn frekar úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Á nýliðnu rekstrarári hófum við samstarf við Salling Group, eina stærstu verslunarkerfi Norðurlanda, sem er mikilvægt skref í þróun og fjölbreytni vöruvals okkar. Við erum afar stolt af þessu samstarfi sem styrkir stöðu Aðfanga og veitir íslenskum neytendum aðgang að breiðu úrvali vottaðra vara með skýrum kröfum um gæði, uppruna og sjálfbærni. Samstarfið styður jafnframt við okkar áherslur í sjálfbærnimálum og er mikilvægur þáttur í áframhaldandi þróun okkar í átt að sjálfbærari virðiskeðju.

Við gerum okkur grein fyrir því að sjálfbærni er ekki tímabundið verkefni heldur samfelld vegferð. Þrátt fyrir áskoranir í ytra umhverfi, svo sem verðsveiflur, óstöðugleika á mörkuðum og breyttar aðstæður í alþjóðaviðskiptum, horfum við fram á veginn af bjartsýni og metnaði. Við munum halda áfram að vinna markvisst að aukinni sjálfbærni með hag starfsfólks, umhverfis og samfélags að leiðarljósi.



SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2025

ÁBYRGÐ
HEIÐARLEIKI
LIÐSHEILD
METNAÐUR

A Ð F Ö N G



FERSKAR
KJÖTVÖRUR